



Greinargerð með frekari breytingartillögum á bæjarmálasamþykkt Ísafjarðarbæjar

8. gr. Fundir bæjarstjórnar

Við undirbúning málsins kom fram beiðni um að færa fundi bæjarstjórnar til, á þann hátt að fundir hæfust kl. 16.00, í stað þess að hefjast kl. 17.00, meðal annars í ljósi þess að hjá ríki og sveitarfélögum hefur vinnuvikan verið stytta, og hjá Ísafjarðarbæ um 48 mínútur á dag. Lagt er upp með að meiri samfella yrði í vinnudegi bæjarfulltrúa að mæta til bæjarstjórnarfundar kl. 16.00 í stað kl. 17.00.

Núverandi 1. mgr. 8. gr. :

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi 1. og 3. fimmtudag hvers mánaðar sem ekki ber upp á almennan frídag. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00 og skulu ekki standa lengur en þrjár klukkustundir.

Verður:

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi 1. og 3. fimmtudag hvers mánaðar sem ekki ber upp á almennan frídag. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00 og skulu ekki standa lengur en þrjár klukkustundir.

16. gr. Fundarsköp og ritun fundargerða

Lagt er til að auka skýrleika fundarskapa og ritun fundargerða, með því að bæta inn neðangreindri 1. mgr. 16. gr. og verður núverandi upptalning stafliða a.-l. stafliðir 2. mgr. 16. gr.

Núverandi 1. mgr. 16. gr.:

Við ritun funda skal fylgt leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna sem ráðuneyti setur sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga. Fundir bæjarstjórnar eru hljóðritaðir nema bæjarstjórn ákveði annað.

Meginreglur fundarskapa skulu vera eftirfarandi: [...]

Verður :

I. Ritun fundargerða

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið númers fundar, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir ráða og nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða ráð og nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Fundargerð skal skráð í tölvu. Færa skal í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók

fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal fundargerð undirrituð af fundarmönnum. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Fundir bæjarstjórnar eru hljóðritaðir nema bæjarstjórn ákveði annað.

Fundargerð skal birt og vera aðgengileg á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, ásamt fylgigögnum, í samræmi við lög á hverjum tíma.

Sjá nánar um fundarritun í auglýsingu ráðherra um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. og 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá hefst 2. mgr. á eftirfarandi hátt:

II. Fundarsköp

Meginreglur fundarskapa skulu vera eftirfarandi: [...]